

BÍÓLOFTIÐ – SINDRABÆ

Sveitarfélagið Hornafjörður – Miðstöð kvikmyndalistar

Ósk um stuðning - **BÍÓ LOFTIÐ**

FESTIVAL DE CANNES
UN CERTAIN REGARD
2022 OFFICIAL SELECTION

“EN STORSLÅET FILM”

POLITIKEN

★★★★★
“EN FILM, SOM DE SJELDENT LAVES”
DAGBLADENES BUREAU

★★★★★
“DET ER MAGELOST”
JYLLANDS-POSTEN

★★★★★
“DER FINDES IKKE NOGEN ANDEN FILM SOM ‘VANSKABTE LAND’”
KRISTELIGT DAGBLAD

★★★★★
“DETTE ER FILMKUNST, SOM VI ALT FOR SJELDENT SER HERHJEMME”
SOUNDVENUE

★★★★★
“EN AF FILMÅRETS MEST BEMÆRKESEVERDIGE DANSKE FILM”
CPH.CULTURE

★★★★★
“NOGET AF DET STERKESTE, DU KOMMER TIL AT SE PÅ BIOGRAFLÆRREDENERNE”
AVISEN DANMARK

★★★★★
“GANSKE ENKELT ENESTÅENDE”
MOOVY

★★★★★
“EN FREMRAGENDE FILM”
KINOSAUR

★★★★★
“SMUK, BARSK OG VISUELT GRIBENDE”
FILMSKRIBENTEN

★★★★★
“ELLIOTT CROSSET HOVE ER FREMRAGENDE”
ORDET

★★★★★
“EN FORFÆRDELIG SMUK FORTÆLLING”
CITY-LIGHTS FILMBLOG

★★★★★
CINEMAONLINE

★★★★★
FILMMAGASINET EKKO

Vanskabte Land
En film af HPÁLMASON

I BIOGRAFERNE NU

Sindrabær er bygging með mikla menningarlega sögu. Þangað komu sjóræningar og rændu og rupluðu með lófaklappi áhorfenda. Dansað var í kringum jólatré. Djöflaeyjan sett á svið. Fyrsti skrúfusleikurinn tekinn á meðan dansinn dunaði á böllum með mörgum af frægustu ballhljómsveitum landsins. Í Sindrabæ varð karakterinn Sigurjón Digri til og bílskúrsbönd fengu sína fyrstu æfinga-aðstöðu. Í fyrri tíð var þetta líka staðurinn þar sem Hornfirðingar margir hverjir kynntust kvikmyndalistinni í fyrsta sinn, en reglulegar kvikmyndasýningar voru í Sindrabæ um langt skeið.



Þegar tilkynnt var fyrir um tveimur árum að til stæði að fara í úrbætur á Sindrabæ raknaði hópur áhugamanna um kvikmyndir og kvikmyndasýningar við sér. Hópurinn fagnaði fyrirhugðum breytingum og gladdist yfir því að húsið fengi viðeigandi endurbætur. Tónlistarnám er mjög dýrmætt fyrir einstaklinga og samfélagið í heild sinni og sú starfsemi verðskuldar góða aðstöðu.


Hópurinn vildi þó minna á að húsið hefði möguleika til að rúma fleiri en tónskóla og mikilvægt væri að bæta við sýningarbúnaði fyrir kvikmyndir. Búnaður sem er staðlaður fyrir slíkar sýningar og vottaður svo hægt sé að vera með löglegar bíósýningar í húsinu, en slíkan búnað hefur vantað í mörg ár. Slíkur búnaður myndi bæta og efla starf tónlistarskólans og auk notkunarmöguleika hússins.

BÍÓLOFTIÐ-Sýningarsalur

Sýningasalur er þegar í húsinu og ekki þyrfti annað en nýjan tækjabúnað svo hann myndi uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til bíósýninga í dag. Þegar síðan kemur að því að almennar endurbætur á Sindrabæ hefjast myndi Bíóloftið ekki skarast á við þær framkvæmdir. Fjármunir lagðir í Bíóloftið eru fjárfesting til framtíðar.

Óskað var eftir tilboði í tækjabúnað sem fullnægir nútímakröfum og má sjá samantekt á tilboðinu ásamt öðrum kostnaði á síðustu síðu, en heildarkostnaður væri í kringum **15.000.000 ISK**. Auk tækjabúnaðar væri nauðsynlegt að fara í lítilegar framkvæmdir og breytingar á tækjaherberginu framan við sýningarsalinn, til að búa til vinalega og góða stemningu í salnum.

Í herberginu er hægt að búa til aðstöðu fyrir miða - og veitingasölu en auk þess yrði sýningarbúnaðurinn áfram þar inni.



BÍÓKLÚBBURINN-lifandi samfélag

Um þessar mundir er verið að undirbúa stofnun Bíóklúbbs Hornafjarðar sem er hugsaður til þess að halda utan um framtíðar bíósýningar á Hornafirði.

Bíóklúbburinn hyggst vinna í nánu samstarfi með fulltrúum frá menningarmiðstöðinni að því að efla áhuga, þekkingu og nýsköpun í kvikmyndagerð á Hornafirði. Í þessu samhengi lítur safnvörður á Svavarssafni sérstaklega til hvernig safnasjóður verðlaunar oft samstörf milli safna, ef Menningarmiðstöð Hornafjarðar færi í samstarf með Kvikmyndasafni Íslands væri ekki ólíklegt að hægt væri að fá hærri styrkuppþæðir frá safnaráði en fyrri ár, og hægt væri að halda ýmsa kvikmyndatengda viðburði.

Tíminn er naumur. Kvikmyndaleikstjórinn Hlynur Pálmason vill í samstarfi við Bíóklúbbinn, forsýna á Íslandi, hornfirsku kvikmyndina Volaða Land á Bíóloftinu í mars 2023. Með þeirri sýningu vill Bíóklúbburinn hefja starfsemi sína í Sindrabæ. Í samstarfi við Hlyn myndi öll sala á aðgangsmiðum að forsýningu Volaða lands ganga upp í útlagðan kostnað við kaup á tækjabúnaði í Bíóloftinu.

Bíóklúbburinn tekur sér til fyrirmyndar kvikmyndasýningar á Seyðisfirði, en þar eru að jafnaði kvikmyndasýningar tvisvar sinnum í viku í samstarfi við Bíó Paradís. Auk þess ætlar Bíóklúbburinn að hefja samstarf við Senu svo hægt verði að sýna vinsælustu Hollywood myndirnar. Allur ágóði af bíósýningum í Bíóloftinu myndi renna fyrst um sinn upp í útlagðan kostnað við tækjakaup.

Í samstarfi við Bíó Paradís og Senu gæti Bíóklúbburinn fengið fjölbreyttar myndir til sýninga sem myndi fanga áhuga íbúa á öllum aldri og í öllum samfélagshópum. Nýta mætti salinn til kennslu, sem fyrirlestarsal, fyrir stuttmyndakeppnir ungmenna, kvikmyndahátíðir og sem nýjan viðkomustað ferðamanna. Þar sem hægt væri að vinna með Kvikmyndasafni Íslands og sýna íslenskar kvikmyndir. Þóra Sigríður Ingólfssdóttir, forstöðumaður Kvikmyndasafnsins hefur lýst yfir vilja til samstarfs.

Síðan reglulegar bíósýningar voru seinast í Sindrabæ hefur samfélagið í sveitarfélaginu þróast svo um munar og tækninni hefur fleytt fram svo ekki er jafn flókið og áður var að setja upp sýningar ef réttur búnaður er fyrir hendi. Flækjustigin sem áður urðu bíósýningum í Sindrabæ að falli eru ekki lengur til staðar. Stafrænar vélar gera ekki sömu kröfu um tæknilega kunnáttu og gömlu filmuvélarnar, sem þýðir að auðvelt er fyrir sjálfboðaliða að taka að sér að sjá um sýningar.



Myndir frá Herðubíó
En það er bíóhúsið á Seyðisfirði

Stöku sinnum hefur nemendafélag framhaldskólans verið að sýna kvikmyndir í fjáröflunarskyni, sem sýnir skíran áhuga ungmenna í sveitarfélaginu á bíósýningum, en því miður eru það algjörlega ólöglegt að sýna myndir á þennan hátt, sér í lagi þegar rukkað er inn á sýningar. Hinsvegar er ekkert því til fyrirstöðu að nemendafélag FAS haldi fullkomlega löglegar sýningar í Sindrabæ í framtíðinni í samstarfi við Bíóklúbbinn.

Kvikmyndagerð í Austur-Skaftafellssýslu er ekki ný af nálinni. Til að mynda var framleidd algjör gullperla um miðbik síðustu aldar þar sem mannlíf í Öraefum var fest á filmu í kvikmyndinni Sveitin milli sanda. Það má vel ímynda sér að ef hún væri til sýningar með enskum texta myndi hún hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Kvikmyndatengd ferðaþjónusta er veruleg hér í sveitarfélaginu. Hingað sækja ferðamenn til þess að líta eigin augum á þá staði sem fönguðu augu þeirra í kvikmyndum sem það sá heima fyrir. Almennt er talið að um 30% ferðamanna sem til Íslands koma, ferðist hingað vegna þess að þau sáu landið í kvikmyndum eða sjónvarpsefni. Sveitarfélagið hefur verið upptökustaður fyrir fjöldan allan af kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og auglýsingum í gegnum tíðina. Afleidd störf kvikmyndagerðar í sveitarfélaginu eru umfangsmikil en oft á tíðum falin almenningi og því erfitt að nákvæmlega vita með hvaða hætti kvikmyndagerð skilar sér fjárhagslega inn í sveitarfélagið. En þegar framleiðslufyrirtæki koma með kvikmyndatengd verkefni á svæðið leiðir það af sér umfangsmikil viðskipti við hótél, bílaleigur, veitingastaði, sem og kaup á annarri þjónustu. Auk þess eru hér búsett kvikmyndagerðarfólk sem sérhæfir sig í framleiðslu, tókustaðaráðgjöf og býður upp á sérhæfða þjónustu og tækni.

Hornfirsk kvikmyndagerð komst á annað stig þegar Hlynur Pálmason fluttist aftur heim í Hornafjörð og hóf listsköpun sína hér. Hlynur hefur gert tvær kvikmyndir í fullri lengd og stuttmyndir hér í sveitarfélaginu sem hafa farið sigurför á kvikmyndahátíðum heimsins undanfarið. Hornfirsk náttúra er eitt af sögusviðum Hlyns og Hornfirðingar bíða spenntir eftir að sjá kvikmyndina „sína“ Volaða Land. Íslenska forsýningin ætti að sjálfsgöð að eiga sér stað á því svæði sem hún var kvikmynduð og með því fólk í salnum sem tók þátt í að gera hana að raunveruleika. Sýningaraðstaða er mikilvæg fyrir starfandi kvikmyndaafólk og sveitarfélagið ætti að gera allt sem í þess valdi stendur til að laða hingað kvikmyndagerðafólk og áhugamenn um kvikmyndir og halda í störf þessu tengt á svæðinu.

Það er skoðun þeirra sem þetta rita að Hornafjörður ætti að verða kvikmynda-Höfn Íslands. Hér ætti að vera eftirsóknarvert fyrir innlenda jafnt sem erlenda leikstjóra að sýna kvikmyndir sínar. Leggja ætti áherslu á kvikmyndagerð í atvinnu- og menningarstefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Kvikmyndahátíðir ættu að eiga heimilsfang hér, stuttmyndakeppnir og forsýningar á heimsfrægum myndum ættu að vera möguleiki í okkar heimabyggð ef vel er haldið á málum.

Fjármögnun og annar stuðningur

Til þess að fjármagna tækjakaup Bíóloftsins mun Bíóklúbburinn sækja um í öllum helstu sjóðum sem mögulegt er fyrir slíkt verkefni. Einnig mun Bíóklúbburinn óska eftir fjárhagslegum stuðningi frá fyrirtækum og einkaaðilum. Þá verður forsala á kvikmynd Hlyns Pálmasonar gerð aðgengileg á karólinafund.

Allur ágóði af aðgangseyri á forsýningu Volaða Llands mun fara í að greiða niður útlagðan kostnað.

Bíóklúbburinn eru samtök sem vinna í sjálfböðastarfi á Bíóloftinu og að þeim málefnum sem efla kvikmyndagerð í sveitarfélaginu og verður stofnfundur strax á komandi ári.

Bíóklúbburinn óskar eftir samþykki sveitarfélagsins til að gera Bíóloftið að veruleika í sýningarsalnum í Sindrabæ.

Þá óskar Bíóklúbburinn einnig eftir fjárhagslegum stuðningi við útlagðan kostnað við tækjakaup á meðan önnur fjármögnun fer fram.

Notkunarmöguleikar Bíóloftsins

Volaða Land

Þegar kvikmyndin Hvítur, Hvítur dagur var sýnd, mættu um 300 manns.

Við höfum trú á því að yfir 400 manns komi á Volaða Land og þyrftu því að vera að lágmarki átta sýningar.

Bíó Klúbburinn og vikulegir hittingar fyrir áhugafólk

Nauðsynlegt er að áhugamenn um bíómyndir hafi samastað til að hittast á og horfa saman á kvikmyndir, t.d. gamla gullmola sem klúbburinn myndir fjárfesta í og fá lögleg sýningareintök á.

Samstarf við Bíó Paradís og Senu

Með góðu samstarfi við þessa dreifingaraðilla mun vera hægt að tryggja vikulegar sýningar nýjustu kvikmyndunum, bæði íslenskum kvikmyndum, Hollywood-myndum, sem og frá öðrum stöðum í heiminum.

Vikulegar sýningar fyrir börn

Munum eftir börnunum: Sunnudags sýningar fyrir börn ættu að vera möguleiki í bíóloftinu. Bæði í samstarfi við dreifingaraðilla sem og úr safni Bíóklúbbsins.

Skólasýningar

Margar kvikmyndir eru góðar til kennslu bæði í sagnfræðilegu skyni sem og kvikmyndafræði.

Nauðsynlegt er að geta sýnt bekkjum slíkar myndir með viðunandi búnaði svo áhorfendur njóti myndanna.

Nemendafélag Framhaldskólans

Til að Nemendafélag framhaldskólans geti haldið áfram að sýna kvikmyndir í fjármögnunarskyni, þá væri upplagt að Bíóklúbburinn og Nemendafélagið færu í samstarf, þar sem Nemendafélagið tæki reglulega að sér sýningarnar, og yrðu þá myndirnar sýndar á löglegan máta en ágóðinn rynni að sjálfsögðu til Nemendafélagsins.

Íslenskir leikstjórar

Bíóklúbburinn myndi setja mikinn metnað í það að fá þá íslensku leikstjóra sem eru að frumsýna myndir sínar til að heimsækja Hornafjörð og vera með svokallaðr QA sýningu fyrir Hornfirðinga.

Kvikmyndasýningar og ferðamenn

Á ferðamannatímabilinu þegar að minna er kannski um kvikmyndasýningar þá væri hægt að vera með sýningar á hornfirskum kvikmyndum, Volaða land, Hvítum, hvítum degi, sem og Sveitin milli Sanda. Möguleikarnir eru óendanlegir.

Önnur nýting

Bíósalinn mætti áfram nota sem kennslurými og fyrirlestrarsal. Hljóðkerfið er gott í slíkt og auðvelt væri fyrir kennara að nota sýningarbúnaðinn til að kasta upp glærum á skjáinn.






Kostnaðaráætlun.

Tilboð sem sett var upp með salinn í huga.

Höfum í huga að það eru óvissuþættir sem gætu breytt tölunni.

Nr	Verkþáttur	Magn	Heildarverð
1	Sýningarvél NEC NC100C	1.stk	
	Hljóðstýring. Yanaga NRX7Dm/16ch digital	1.stol	
	Sýningartjald. HarknessHall 6-7m Perforated á grind – Áætlað verð		
	Hljóðbúnaður Yamaha Hátalarar fyrir surround Hátalarar fyrir center – með festingum Hátalarar fyrir LogR - með festingu Bassahátalari passívur	4, 2 6 1 2 2	
			10.000.000 ISK
2	Framkvæmdir		
	Í BÍÓSALNUM <ul style="list-style-type: none">- Borð tekin af stólum- Gera salinn flottan- Teppaleggja- Mála- Lega loftræstikerfis- Myndvarpinn- Setja upp nýtt tjald- Setja upp hljóðkerfi		
	SÝNINGAHERBERGI – SKJÁVARPAHERB. <ul style="list-style-type: none">- Saga vegginn og setja hurð- Borð, stólar- Smíða statíf fyrir skjávarpa- Smíða afgreiðsluborð- Kaffiaðstaða- Ísskápur- Kaffivél- Sparsla, mála, laga- Plaköt og innrömmun- Bíóloftið ljós		
	Áætlaður framkvæmdakosntaður Og Uppsetning		5.000.000 ISK
	SAMTALS	SAMTALS	15.000.000 isk

MYNDIR OG SJÓNVARPSPÆTTIR SEM HAFA VERIÐ KVIKMYNDAÐAR Í SVEITARFÉLAGINU HORNAFIRÐI
(Ekki tæmandi listi)



Undirituð

Hlynur Pálmason

Emil Morávek

Snæbjörn Brynjarsson

Tómas Nói Hauksson

Anna Ragnarsdóttir Pedersen

Soffía Auður Birgisdóttir

Tjörvi Óskarsson

Hornafjörður 2022

